

Sögunefnd Keflavíkur

6. fundur haldinn að Tjarnargötu 12 þann 3. desember 2019 kl. 17:00

Mættir: Stefán Jónsson, Ragnhildur Árnadóttir, Árni Jóhannsson og Kristinn Jakobsson sem ritar fundargerðina.

1. Umræður um rithöfund.

Formaður gerði grein fyrir leit að rithöfundi Sögu Keflavíkur 1949-1994. Haft var samband við ReykjavíkurAkademíuna varðandi leit að rithöfundi, þar sem Eiríkur Páll hafði sagt sig frá verkefninu. Upp komu nokkur nöfn sagnfræðinga. En vegna tímaramma verkefnisins ræddi formaður við Árna Daníel Júlíusson Phd. í sagnfræði sem getur hafist handa við verkefnið strax í janúar 2020. Árni hefur skrifað og ritstýrt nokkrum bókum s.s. Íslenskum söguatlas, Sögu Vogaskóla, bókinni Skólinn við ströndina og fleiri bókum um svipað verkefni. Nefndarmenn samþykkja að Árni Daníel verði ráðinn til verksins sem verktaki. Hann hefji störf í janúar 2020 og skili verkefninu af sér síðari hluta október eða byrjun nóvember 2021. Árni Daníel mun skila inn skriflegri framvinduskýrslu á tveggja mánaða fresti til að byrja með en oftast síðar á tímabilinu og eftir því sem skrifum sögunnar vindur fram.

2. Önnur mál.

Árni Daníel kom á fundinn og fór með nefndarmönnum yfir efnisgrindina að sögunni, heimildaöflun og ljósmyndir. Hann mun vinna náið með nefndarmönnum, byggðasafnsstjóra og starfsmönnum þar í öflun heimilda. Reykjanesbær mun útvega Árna Daníel aðstöðu í Keflavík.

Stefnt að undirritun verktakasamnings um skrif Sögu Keflavíkur 1949-1994 í desember.

3. Næsti fundur verður boðaður þegar þörf þykir á nýju ári.

Fundi slitið kl. 18:05.